

6. verkefni 06bland

Opnið skjalið og mótið samkvæmt fyrirætlunum.

1. Breytið neðri spássíu í 2 cm og efri, vinstri og hægru í 2,5 cm
Layout (Uppsetning) – **Page Setup** – **Margins** (Uppsetning síðu – Spássíur).
2. Setjið haus á skjalið með nafni, áfanga og blaðsíðutali, nafn skjals í næstu línu (ný lína er **Shift+Enter**). Hafið línu undir haus og 10 pt letur. Enginn fótur.
3. Ljómið allt skjalið (**Ctrl+A**) og breytið letrinu í Calibri (Body) og 10 pt leturstærð.


Neðanmálgreinar

1. Fyrirsögnin (**Neðanmálgreinar** – **Footnotes**) á að vera í 16 pt lettri, bil á undan **12 pt** og á eftir **3 pt**.
2. Megintextinn er jafnaður (**Justify**). Bil á eftir 6 pt.
3. Setjið þrjár neðanmálgreinar í skjalið á eftir fyrstu þremur greinunum,
References – **Insert Footnote** (Tilvísanir – Setja inn neðanmálgrein) (þrisvar sinnum).
Ýtið á dálklykil (**Tab**) áður en þið skrifið texta neðanmálgreinarinnar.
Setjið hangandi inndrátt 1,25 cm (**Hangings**) ef neðanmálgrein fer í tvær línur (**Ctrl+T**).

→ Þeir sem starfa við rannsóknir og hagnýtingu á stærðfræði eru kallaðir stærðfræðingar. ¶
→ Uppgötvanir á nýjum stærðfræðilegum fyrirbærum hafa litla tengingu við raunveruleikann. ¶
→ Hvergi hefur þó orðið jafn sterk samsvörðun milli stærðfræðinnar og hins raunverulega heims og í eðlisfræði. ¶

Rammar og skygging – Borders and Shading



1. Fyrirsögnin (**Rammar og skygging**) á að vera í 16 pt lettri, bil á undan **12 pt** og á eftir **3 pt**.
2. Ljómið fyrstu greinina, jafnið (**Justify**) og veljið **inndrátt** frá vinstri **4 cm**, bil á eftir **6 pt** og línubil **1,5**.
3. Hafið textann ljómaðan og veljið einfalda línu undir **Style** (Stíll) og aðeins þykkari undir **Width** (Breidd) eins og sýnt er hér til hliðar (eigið val).
Smellið í **Options** og veljið **3 pt** fyrir ofan og neðan, vinstra og hægra megin.
Setjið skyggingu eða lit í boxið af **Shading**-flipa (Skygging).




1. Ljómið grein tvö: **Loftslag í þróngum skilningi er**.
Jafnið (**Justify**) og veljið **inndrátt** frá hægru **3 cm**, bil á eftir **6 pt**.
2. Veljið **Borders and Shading** – **Box** (Rammar og skygging – Rammi) með tvöfaldri línu undir **Style** (Stíll) og bil frá texta að ramma **6 pt** bil allan hringinn (**Options**).

Flokkar leturgerða og upplýsingatæknibyltingar

1. Fyrirsögnin á að vera í 14 pt lettri, bil á undan **12 pt** og bil á eftir **3 pt**.
2. Ljómið textann sem á að vera númeraður og veljið flýtihnapp á **Home** (Heim) fyrir númeringu.
Hægristillið númerin (**Define New Number Format**).
3. Hafið textann ljómaðan og veljið og bil á eftir (**Spacing After**): **3 pt**.
Muna að taka hakið af: Don't add space between paragraphs of the same style
(Setja ekki bil milli málsgreina með sama stíl).



4. Ljómið síðan eingöngu textann sem á að vera með ramma. Veljið ramma (**Box**) utan um textann.
Veljið breidd (**Width**) ramma og **Apply to: Text** (sjá mynd).
Feitlettrið og undirstrikið samkvæmt sýnishorni.



Neðanmálgreinar – Footnotes

Stærðfræði er rökvisindi sem beitir ströngum, rökfræðilegum aðferðum til að fást við tölur, rúm, ferla, varpanir, mengi, mynstur, breytingar o.þ.h. Einnig er stærðfræði sú þekking sem leidd er út með rökréttum hætti frá ákveðnum fyrirframgefnum forsendum sem kallaðar eru frumsendur.¹

Stærðfræði hefur fylgt mannum frá örófi alda, en elstu skráðu heimildir sýna stærðfræði í mikilli notkun í Súmeru og síðar Babýlóníu, þar sem vitað er að menn þekktu pí, hornasummu þríhyrnings og veldisreikning.²

Þrátt fyrir að stærðfræðin sé ekki náttúruvísindagrein þar eð stærðfræðingar gera ekki athuganir eða tilraunir á náttúrunni er hún ein helsta undirstöðugrein allra raunvísinda, verkfræði og hagfræði.³

Rammar og skygging – Borders and Shading

Loftslag eða veðurfar eru þeir eiginleikar veðurs sem eru einkennandi fyrir lengri tímabil, og er þá oft miðað við 30 ár. Nákvæmari skilgreining tekur til tölfræðilegra eiginleika veðurs, svo sem breytinga á milli daga og ára.

Loftslag í þröngum skilningi er yfirleitt skilgreint sem „meðaltalsveður“, eða á máta sem tölfræðileg lýsing á viðeigandi stærðum og eiginleikum yfir lengra tímabil, sem getur varað frá mánuðum til þúsunda eða milljóna ára. Viðeigandi eiginleikar eru oftast yfirborðshitastig, úrkoma og vindur.

Flokkar leturgerða og upplýsingatæknibyltingar

1. **Gamalt handritaletur** einkennist af rúnuðum þverendum og litlum þykktarmun á dráttum.
2. **Nýtt handritaletur** þekkist vel á beinum þverendum og verulegum þykktarmun á dráttum.
3. Blendingsletur (milliantíkva) er sambland af gömlu og nýju handritaletri.
4. Steinskrift (grotesk) þekkist á því að engir þverendur eru á letrinu.
5. Egypskt letur er yngst þessara letra og sækir form sitt bæði til steinskriftar og handritaleturs.
6. Skrifletur – Eftirlíking af handskrift og til í óteljandi útfærslum.
7. Fyrsta upplýsingatæknibyltingin er þegar ritmálið er fyrst notað í Mesópótamíu um 3000 f.Kr.
8. Önnur þegar bókin sem miðill er fyrst notuð í Kína um 1300 f.Kr.
9. Þriðja er **uppfinning Gutenbergs** um 1450 e.Kr. þegar hann fann upp prenttæknina.
10. Ritsíminn sem Marconi fann upp um 1830 og talsíminn sem Bell kemur fram með um 1878 og svo tölvubyltingin sem hefst um 1970 og **netbyltingin** um 1990.

¹ Þeir sem starfa við rannsóknir og hagnýtingu á stærðfræði eru kallaðir stærðfræðingar.

² Uppgötvanir á nýjum stærðfræðilegum fyrirbærum hafa litla tengingu við raunveruleikann.

³ Hvergi hefur þó orðið jafn sterk samsvörun milli stærðfræðinnar og hins raunverulega heims og í eðlisfræði.